



# Leikskólinn Baugur

Starfsáætlun  
2024-2025

30. september 2024

Ábyrgðarmaður: Margrét Björk Jóhannesdóttir  
Leikskólastjóri

# Efnisyfirlit

---

Formáli .....	3
Inngangur .....	3
Leiðarljós Baugs.....	3
Námskrá, stefna, kennslufræðilegar áherslur og skipulag.....	4
Áherslur í starfi leikskólans veturinn 2024-2025.....	4
Innleiðing Uppbyggingarstefnunnar .....	4
Ný námskrá .....	5
Starfsmenn .....	5
Starfsmannastefna .....	5
Samsetning starfsmannahópsins .....	6
Fundir .....	6
Skipulagsdagar .....	6
Starfspróun.....	7
Börnin .....	7
Sérkennsla .....	7
Foreldrasamstarf .....	8
Foreldraráð.....	8
Foreldrafélag.....	9
Öryggismál.....	9
Innra eftirlit .....	9
Áfallaráð .....	9
Viðhald .....	9
Mat á skólastarfi.....	10
Innra mat.....	10
Námssvið.....	10
Ytra mat.....	10
Fylgigögn .....	12
Fylgiskjal 1 - Símenntunaráætlun.....	12
Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs.....	13
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal.....	14
Fylgiskjal 4 – Mat og umbætur.....	15

## Formáli

---

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

## Inngangur

---

Síðasta skólaár gekk vel og einkenndist að samvinnu og gleði. Við höfum að vinna eftir breytingar sem miða að því að bæta starfsumhverfi leikskóla en þar fundum við fljótt mun á dvalartíma barna sem styttist þó nokkuð. Stytting vinnutíma olli ekki eins miklu álagi og verið hefur og vetrarleyfin, jólafríið og dymbilvikufríið var kærkomið fyrir starfsfólk og börn. Við höfum markvissa innleiðingu Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og gekk það ágætlega en betur má ef duga skal.

Þess ber að geta að ekki gekk vandræðalaust að ráða í lausar stöður síðsumars/haust 2023 og fór það svo að við þurftum að vísa 11 börnum í aðra leikskóla þar sem við náðum ekki að manna svo vel væri. Veturinn 2023-2024 var því ein deild lokuð og börnin 136 í stað 143.

## Leiðarljós Baugs

---

Leikskólinn er lifandi samfélag í stöðugri þróun, þar sem börn og starfsmenn geta verið í góðu og jákvæðu sambandi hvert við annað. Í leiknum eru börn að skapa út frá eigin hugarheimi, þau taka ákvarðanir á eigin forsendum og læra að leita lausna. Leikur skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar. Til að þróa gagnrýna hugsun hjá börnum þarf að kenna þeim að skilgreina hluti, með því að sjá þá innan frá og frá öllum hliðum. Vaganesti barnanna út í lífið er byggt á reynslu þeirra sjálfra. Kennarar/starfsfólk hlúir að sköpunargáfu barnanna sem þau öðlast með vinnu sinni við að athuga umheiminn, ræða það sem upp kemur og vinna úr því.

Mikil áhersla er lögð á að hlustað sé á barnið af athygli og starfsmenn treysta getu og hæfni hvers barns til að efla eigin þekkingu og hvetja þau til að nýta hæfileika sína.

Í Baugi er lögð áhersla á að borin sé virðing fyrir upplifun barnanna, að hlustað sé á þau og þeim sýndur skilningur á bæði jákvæðum og neikvæðum tilfinningum. Börnin fá að vinna á sínum forsendum og áhuga og kennarar/starfsfólk skapar umhverfi þar sem í boði er mismunandi efniviður með það að markmiði að

börnin uppgötvu og læri með því að prófa sig áfram. Þegar börnin vinna í hóp læra þau að þekkja hvort annað og treysta hvort öðru sem eflir sjálfstæði þeirra og virkni, eykur samskiptahæfni og byggir grunn að samvinnufærni og vináttu.

## Námskrá, stefna, kennslufræðilegar áherslur og skipulag

Til grundvallar starfinu í Baugi liggur *Uppbyggingastefnan* eða *Uppeldi til ábyrgðar* en hún miðar að því að ná samstöðu um þau lífsgildi sem markmiðið er að hafa að leiðarljósi í skólanum og fylgja þeim síðan með fáum og skýrum reglum. Stefnan miðar að því að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsaga, jafnframt því að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum.

Kennarar koma til móts við námsþarfir barnanna og veita verkefni sem hæfa áhuga og þroska hvers og eins þar sem áhugasvið og styrkleikar einstaklingsins eru nýttir. Hlutverk kennarans er að vera til staðar, fanga áhuga barnanna og útfæra verkefni út frá getu og þroska hvers og eins.

Við nýtum okkur fjölbreytt kennsluefni og ber þar helst að nefna Vináttuverkefni Barnaheilla og Lubbi finnur málbein. Vináttu er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum, fyrstu bekkjum grunnskóla og dagforeldrum. Kennsluleiðbeiningarnar eru mjög góðar en hvatt er til samtala og leikja með börnum sem byggja á gildum verkefnisins; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki. Lubbi finnur málbein er kennsluefni sem miðar að því að kenna íslensku máhljóðin í gegnum söng og skemmtilegar æfingar.

Í Baugi er til mjög mikið af vönduðu heimatilbúnu kennsluefni sem notað er í skipulagðri kennslu og samverustundum. Sögupokarnir eru sívinsælir en þar er að finna sögur og efnivið sem tengist hverri sögu. Til eru ótal margar verkefnaöppur með tilbúnu efni sem miðar að eflingu sértækra þroskapátta. Í matsal er efnisveita í skáp en þar er að finna mikið af spilum og máhljóðakassa og poka sem ætlaðir eru til að þjálfa hljóðkerfisvitund barnanna.

## Áherslur í starfi leikskólans veturinn 2024-2025

Áfram munum við þróa vinnu sérkennsludeildarinnar, lausnar-teymisins og annarra nefnda sem starfa innan leikskólans. Efla þarf vinnu matsteymis og skipuleggja matsvinnu betur svo hún sé unnin jafnt og þétt yfir veturinn. Stjórnendahópurinn óskar eftir að fá að setja markvissa innleiðingu Barnasáttmálans og vinnu við Réttindaskóla á ís í vetur en hugmyndin er að setja alla krafta í innleiðingu uppeldi til ábyrgðar og gerð nýrrar námskrá.

### Innleiðing Uppbyggingarstefnunnar

Veturinn 2024-2025 verður haldi áfram með innleiðingu hugmyndafræðinnar Uppeldi til ábyrgðar/uppbyggingarstefnunnar (e. restitution). Meginmarkmiðið er að kenna börnum ábyrga hegðun og sjálfstjórn með því að gefa þeim tækifæri til að leiðrétta mistök sín og kenna þeim að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt. Litið er á hugtakið mistök sem eðlilegan þátt í lærdómsferli, það sé eðlilegt að gera mistök og að mistökin nýtist sem ákveðið skref í þroska. Barnið fær tækifæri til að takast á við mistök sín á uppbyggilegan hátt, skoða hvað það var sem það gerði rangt og hvað það hefði getað gert öðruvísi. Barnið

lærir smátt og smátt að bæta fyrir mistök sín og finnur hvernig það öðlast sjálfstjórn og aukinn styrk. Orðræða stefnunnar verður í hávegum höfð og kennslufræðileg hugmyndafræði nýtt í starfi með börnunum. Hugað verður að auknu svigrúmi og innleiðingu lýðræðislegra vinnubragða.

## Ný námskrá

Námskrá Baugs er í endurskoðun og ætlum við að stefna á útgáfu hennar vorið 2025. Þess ber þó að geta að námskrá er lifandi plagg sem tekur sífelldum breytingum og mun útgáfa námskrárinnar vera í rafrænu/veflægu formi.

## Starfsmenn

---

### Starfsmannastefna

Lögð er áhersla á að við séum góð fyrirmynd í allri framkomu gagnvart öðrum og að hér ríki gott andrúmsloft, kennurum líði vel og hafi jákvætt viðhorf til starfsins í heild sinni. Við leitumst við að hafa gott upplýsingarstreymi, skýrar vinnureglur og hvetjum kennara til að sýna ábyrgð, frumkvæði og að þeir láti ljós sitt skína.

Samvinna og samstarf allra er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Starfsgleði og virðing fyrir sjálfum sér, börnunum og uppeldisstarfinu er grundvöllur þess að ná árangri í starfi leikskólans. Mikilvægt er að við vinnum eftir ákvörðunum og framfylgjum þeim. Nýir starfsmenn fá afhent lesefni með ýmsum upplýsingum um starfið og hugmyndafræðina.

Við viljum skapa starfsanda og starfsumhverfi sem er opið og þar sem skoðanaskipti geta átt sér stað. Við komum fram af virðingu hvort við annað og hrósum fyrir það sem vel er gert, erum með málefnalega gagnrýni og erum sjálf opin fyrir leiðsögn. Hver einstaklingur er metinn út frá hæfileikum sínum og litið er á margbreytileika sem sjálfsgöðan hlut og að það sé kostur. Með því að virkja jákvæða eiginleika og viðhorf verðum við góðar fyrirmyndir. Við treystum hvort öðru til að bera ábyrgð á eigin starfi og gætum þagmælsku um mál sem lúta að börnunum, kennurum og aðstæðum þeirra. Í Baugi er unnið út frá samskiptasáttmála starfsmanna sem gengur einmitt út á allt ofantalið.

## Samsetning starfsmannahópsins

Samsetning starfsmannahópsins er sem hér segir:

Starfsheiti/menntun	Fjöldi
Leikskólakennari M.Ed.	6
Leikskólakennari (leyfisbr.)	3
Leikskólakennarafr. B.Ed.	3
Grunnskólakennari (leyfisbr.)	2
Þroskaþjálfari	2
Önnur uppeldismenntun	4
Önnur háskólamenntun	2
Leikskólaliði	4
Starfsmaður í leikskóla	18
Starfsmaður í eldhúsi	2

Að líkindum er gert ráð fyrir um 41 stöðugildi, þar af eru þrjár stjórnunarstöður (Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri), tvær stöður í eldhúsi og um fimm stöðugildi í sérkennslu. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Nokkrir starfsmenn eru í langtímaveikindum og fæðingarorlofi og höfum við staðgengla í þeirra stað en staðgengill aðstoðarleikskólastjóra var ekki ráðinn fyrir en í apríl eftir nokkurra mánaða fjarveru að hluta og að endingu að fullu.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin.

Tveir starfsmenn stunda B.ed. nám í leikskólakennarafræðum, tveir starfsmenn eru í mastersnámi með leyfisbréf leikskólakennara að markmiði og einn starfsmaður er í fagháskólanámi sem er undanfari leikskólakennaranáms. Þessir starfsmenn eru á námssamning hjá Kópavogsbæ.

## Fundir

Í hverri viku eru haldnir nokkrir fundir en mikilvægt er fyrir teymi að koma saman til skrafs og ráðagerða. Fundaráætlun hefur verið gefin út með fyrirvara um breytingar.

### Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru alla jafna fimm á ári en fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða.

Skólaárið 2024-2025 verða skipulagsdagar í leikskólanum Baug sem hér segir:

20.09.2024 > Starfsmannafundur, deildarfundir, gangafundir og vinnustofur

13.11.2024 > Unnið með stefnu leikskólans og námskrá

09.01.2025 > Fræðsla

12.03.2025 > Unnið með stefnu leikskólans og fundir

16.05.2025 > Mat og sumarstarf skipulagt. Hópefli

## Starfsþróun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum.

Með öflugri starfsþróun er líka verið að hlúa að kennurum/starfsfólki og starfsumhverfi þeirra. Starf í leikskóla er síbreytilegt og ögrandi og hefur víðtæk samfélagsleg áhrif. Starfsánægja kennara er ein af forsendum árangursríkis skólastarfs og ætti því starfsánægja að skila sér á jákvæðan hátt út í samfélagið.

Kópavogsbær hefur boðið upp á frábær námskeið sem við nýtum óspart ásamt fjölda annarra námskeiða sem við teljum að styrki okkur og okkar skólastarf.

Á döfinni er:

- Fræðsla um Uppeldi til ábyrgðar
- Tras
- Tákni með tali námskeið
- Ýmis námskeið á vegum menntafléttunar

## Börnin

Skólaárið 2024-2025 verða 142 börn í Baugi.

Aldurssamsetning barnahópsins er sem hér segir:

Árgangur	Fjöldi
2019	40
2020	32
2021	20
2022	18
2023	32

## Sérkennsla

Sérkennslan í leikskólanum er byggð á markmiðum Kópavogsbæjar um sérkennslu í leikskólum bæjarins.

Lögð er áhersla á styrkleika barnsins með tilliti til þátttöku og virkni við dagleg störf svo barnið fái tækifæri til að upplifa og kanna á sínum forsendum. Sérkennslan tekur mið af þörfum hvers og eins og er unnin í nánú samráði og samstarfi við foreldra. Litið er á sérkennslu sem eðlilegan hluta af öllu starfi leikskólans en ekki aðgreint úrræði. Sérkennslan fer að mestu leyti fram inni á deildum en minni hópar (leikhópar) verða einnig teknir út af deild til að skapa rólegra umhverfi, draga úr áreiti og stuðla þannig að betri einbeitingu og úthaldi barnanna. Sérkennslustjóri heldur utan um gerð einstaklingsnámsskráa í samvinnu við

deildarstjóra og aðra sérkennara. Einstaklingsnámskrárnar eru byggðar á upplýsingum foreldra og kennara úr daglegu starfi, athugunum á vegum sérfræðinga stoðþjónustunnar, athugunum og upplýsingum frá sérfræðingum. Markmið sérkennslunnar er að tryggja að öll börn fái notið leikskóladvalar sinnar þannig að ýtt sé undir alhliða þroska, sjálfstæði og vellíðan barnsins. Lögð er áhersla á styrkleika barnsins með tilliti til þátttöku og virkni við daglegt starf.

Skólaárið 2023-2024 var sérkennsla sem hér segir:

Flokkur 1	2
Flokkur 2	11
Flokkur 3	22
Flokkur 4	14
<b>Samtals:</b>	<b>49</b>

Í 1. flokk eru börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda í daglegu lífi vegna t.a.m. fjölfötlunar, alvarlegrar þroska röskunar, verulegrar hreyfihömlunar (hjólastóll, önnur hjálpartæki), verulegrar tengslaskerðingar (einhverfu), blindu, heyrnarleysis, alvarlegrar málhömlunar eða vegna ýmissa heilkenna. Í 2. flokk eru börn sem þurfa reglulega á aðstoð að halda vegna t.a.m. miðlungs þroska röskunar, hreyfihömlunar, verulegrar sjón- eða heyrnarskerðingar, vægrar tengslaskerðingar eða greindarskerðingar. Einnig alvarlega langveik börn sem þurfa verulega umönnun. Í 3. og 4. flokk flokkast börn með tilfinninga- og félagslega erfiðleika, alvarlegan athyglisbrest, ADHD, einbeitingarskort, hvatvísi eða ofvirkni. Börn sem þurfa töluverða aðstoð eða örvun vegna t.a.m. vægrar þroska röskunar eða annarra þroska frávíka og börn sem þurfa á aðstoð að halda vegna t.a.m. málhömlunar, tvítýngis eða félags- og tilfinningalegra erfiðleika.

## Foreldrasamstarf

---

Foreldrasamstarf er afar mikilvægt og hefur jákvæð áhrif á leikskólastarfið í heild sinni þar sem það stuðlar að jákvæðari viðhorfum bæði hjá foreldrum og starfsfólki.

### Foreldraráð

Foreldraráð starfar við leikskólann eftir lögum um leikskóla. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og skólanefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar í leikskólastarfi.



## Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum. Félagsaðild að því félagi er frjáls, eins og vera ber samkvæmt landslögum. Ekki hefur komið til þess að foreldrar óski þess að vera utan félagsins. Hefðir hafa skapast fyrir þeim verkefnum sem foreldrafélagið stendur fyrir á hverju ári.

## Öryggismál

---

Ef upp koma óhöpp eða önnur heilsufarsvandamál byrjum við ávallt á því að hringja í foreldra. Ef um alvarleg slys er að ræða þá er hringt fyrst á sjúkrabíl og síðan í foreldra. Öll slys og mál er varða öryggismál eru skráð í Atvik sem er rafrænt kerfi sem heldur utan um hvers kyns öryggisskráningar.

Einn kennari gegnir hlutverki öryggistrúnaðarmanns og aðstoðarleikskólastjóri hlutverki öryggisvarðar. Aðstoðarleikskólastjóri gerir mánaðarlegt eldvarnareftirlit í lok hvers mánaðar og árlegt eldvarnareftirlit í lok hvers árs. Öryggisnefnd fer í eftirlitsferðir um skólann reglulega með það fyrir augum að skrá mögulegar slyshættur og annað sem þarfnast viðhalds eða úrbóta.

## Innra eftirlit

Deildar skipta á milli sín að ganga garðinn á hverjum morgni í þeim tilgangi að hreinsa rusl og greina slyshættur. Deildarstjórar tilkynna til leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra ef slyshættur eru fyrir hendi og er haft samband við viðeigandi aðila til að koma og gera úrbætur ef það er utan okkar getu.

## Áfallaráð

Í Baugi starfar áfallaráð en það er kallað saman þegar upp koma mál sem falla undir áföll. Unnin hefur verið áfallaáætlun sem ráðið nýtir þegar bregðast þarf við af hálfu leikskólans. Í áfallaráði sitja fimm starfsmenn leikskólans.

## Viðhald

---

Mjög aðkallandi er að bæta vinnurými kennara en þar er meginvandinn plássleysi og léleg loftgæði. Við höfum bent á að hægt væri að fækka börnum við leikskólann og nýta eina deild á miðgangi fyrir vinnurými kennara og fundarherbergi, sú lausn hefur ekki fengið hljómgrunn.

Við höfum lengi beðið eftir vagna og hjólageymslu sem er orðið alger nauðsyn. Fyrirhugað er að klára endurbætur á lóð leikskólans næsta sumar (2025) en afgirtur garður fyrir yngri börnin var endurnýjaður nú í sumar..

Setja þarf nýjan dúk/gólfefni á fataherbergi og eldhús.

# Mat á skólafarfi

---

## Innra mat

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Baugs eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Stöðugt er verið að meta starfið sem á sér stað í leikskólanum með óformlegu mati. Það er metið á deildarfundum, deildarstjórafundum, nefndar/teymisfundum og starfsmannafundum svo eitthvað sé nefnt. Spurningar á borð við hvað gekk vel og hvað hefði mátt gera betur eru spurðar ítrekað með það fyrir augum að gera betur.

## Námssvið

Námssviðið *Sköpun og menning* var sérstaklega metið fyrir sl. skólaár samkvæmt fyrirætlunum og matskvarða frá leikskóladeild. Ef mat deilda er dregið saman sýnir heildarmyndin að þessum þætti er gefin nokkuð mikill gaumur og almennt sinnt vel. Einkunnir voru oftast á bilinu 8-10 á mælikvarðanum 1-10. *Sjá ítarlega í umbótaáætlun.*

## Ytra mat

Matsteymi um ytra mat á gæðum leikskólafarfa í Kópavogi hóf úttekt á gæðum innra mats í leikskólum sveitarfélagsins haustið 2020. Við matið eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólafarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014. Mat þetta er sett fram í þeim tilgangi að stuðla að þróun og umbótum í leikskólafarfinu. Niðurstöðurnar eru leiðbeinandi og þarf ávallt að skoða þær í samhengi við sérstöðu viðkomandi leikskóla og ekki sem algildan mælikvarða á gott verklag.

Í apríl 2024 var lögð fyrir allt starfsfólk starfsmannakönnun/vinnustaðagreining með það að markmiði að mæla starfsánægju, almenna líðan í starfi, hollustu og helgun starfsfólks. Niðurstöður hafa ekki borist og því ekki hægt að greina frá þeim eða vinna sérstaklega með þær.

Síðastliðið haust óskuðum við í Baugi eftir að leikskólinn fengi ytra mat á vegum Menntamálastofnunar en var því hafnað. Við munum áfram sækjast eftir ytra mati Menntamálastofnunar.

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Baugi er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar.

# Fylgigögn

## Fylgiskjal 1 - Símenntunaráætlun

Lýsing	Markmið	Tímabil	Kostnaður	Ábyrgð
<b>Uppeldi til ábyrgðar</b>	Dýpka skilning til að geta notað hugmyndafræðina í vinnu með börnunum	2024-2025	120.000 kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið
<b>Tákn með tali</b>	Öðlast færni	2024-2025	60.000 kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið
<b>Hljóm 2</b>	Öðlast færni og fá réttindi	2024-2025	65.000 kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið
<b>Menntaflétta</b>	Fræðsla og færni	2024-2025	0 kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið
<b>Kraganámskeið</b>	Fræðsla og færni	2024-2025	0 kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið
<b>Tras</b>	Öðlast færni og fá réttindi	2024-2025	45.000 kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið
<b>Nýliðafræðsla</b>	Fræða og veita öryggi í starfi	2024-2025	0 Kr.	Stjórnendur og sá sem sækir námskeiðið

## Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

### Mat á starfsáætlun 2024-2025

Eitt af hlutverkum foreldraráðs er að gefa umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans, sbr. 11 gr. laga um leikskóla nr.90/2008. Á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt.

Áætlunin er metnaðarfull og faglega unnin. Áætlunin setur fram með skýrum hætti þau viðfangsefni og áherslur í starfsemi leikskólans sem ætlað er til að ná fram þeim markmiðum sem eru fyrir stafni. Áætlunin setur fram með skýrum hætti hvernig starfsemin er skipulögð með þeim sjónarmiðum að vellíðan barna og starfsfólks sé í fararbroddi. Áætlunin setur fram greinagott yfirlit yfir samsetningu starfsmannahópsins, þá bæði menntun og reynslu og þá sem stunda nám sem nýtast í starfi. Áætlunin nær vel yfir þá ferla sem eru til staðar er snúa að öryggismálum og þær aðgerðir sem eru framkvæmdar daglega og við sérstök tilefni. Farið er yfir þau viðhaldsverkefni sem eru hafin, lokið og framundan eru á leikskólanum.

Áætlunin tekur skýrt fram þá starfsemi leikskólans sem er fyrirhuguð á komandi starfsári sem kemur inn á alla áherslupætti leikskólans og hvernig mat á skólastarfinu fer fram, bæði innra og ytra, ásamt þeim tólum sem beitt.

Í heildina telur foreldraráð að áætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem framundan er.

F.h. foreldraráðs

Fridrik Þór Hjálmarsson

# Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

## Skóladagatal 2024 - 2025

Leikskólinn Baugur

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER <i>Bleikur mánuður</i>	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAJ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fulveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkalýðsdagurinn	1 S Sjómannaunnudagur
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M
3 L	3 Þ	3 F Alnæli Baugs	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 S	6 Þ	6 F
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 F	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 F
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 F	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F	25 M	25 L	25 M	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 M	26 F	26 L	26 M	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F	29 S
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L		31 F		31 Þ	31 F		31 M		31 L	

## Fylgiskjal 4 – Mat og umbætur

Mat á viðburðum og einstökum þáttum

### Aðlögun

Hvernig  
gekk?

Deild	Mjög vel	Vel	Sæmilega	Ekki nógu vel
Lundur				
Brekka				
Mýri				
Foss				
Tjörn				
Hlíð		x		
Rjóður				

### Bökunardagar

Hvernig gekk?

Deild	Mjög vel	Vel	Sæmilega	Ekki nógu vel
Lundur	x			
Brekka	x			
Mýri	x			
Foss	x			
Tjörn	x			
Hlíð	x			
Rjóður	x			

### Athugasemdir

Lundur	Gekk vel, fínt að láta einhverja 2-3 starfsmenn sjá um þetta fyrir ganginn, vorum með opið flæði á meðan og gekk það nokkuð vel. Lundarbörnin gerður ekkert voða mikið, en fannst þetta mjög spennandi
Brekka	Gekk vel, fínt að láta einhverja 2-3 starfsmenn sjá um þetta fyrir ganginn, vorum með opið flæði á meðan og gekk það nokkuð vel.
Mýri	Allt gekk vel. Starfsfólk mætti passa að leyfa börnunum meira að njóta, ekki bara gera svona og svona til að ná myndum. Leyfa þeim bara að dunda sér og taka frekar myndir af öllu borði en hverju barni. Það þurfa ekki endilega að vera teknar nákvæmlega eins myndir af hverju barni.
Foss	Allt gekk vel. Starfsfólk mætti passa að leyfa börnunum meira að njóta, ekki bara gera svona og svona til að ná myndum. Leyfa þeim bara að dunda sér og taka frekar myndir af öllu borði en hverju barni. Það þurfa ekki endilega að vera teknar nákvæmlega eins myndir af hverju barni.
Tjörn	Gekk vel, flott að hafa 2-3 starfsmenn að sjá um þetta fyrir ganginn, muna að leyfa börnunum að njóta og taka bara random myndir af börnunum
Hlíð	Gekk mjög vel, gott skipulag og samstarf með eldhúsi
Rjóður	Gekk mjög vel, gott skipulag og samstarf með eldhúsi

### Ljósaganga

Hvernig gekk?

Deild	Mjög vel	Vel	Sæmilega	Ekki nógu vel
Lundur	x			
Brekka				
Mýri	x			
Foss	x			
Tjörn		x		
Hlíð	x			
Rjóður	x			



Athugasemdir	
Lundur	Fín tímasetning, góð mæting margir með báða foreldra, sem gáfu sér tíma með börnunum, gekk betur að kveðja en við þorðum að vona en smá grátur. Það sem við á yngri gangi vorum að spá í hver á að sjá um að koma matstofunni í rétt horf eftir föndur.
Brekka	
Mýri	Fín tímasetning og góð mæting. Gekk vel inni á deild og að föndra jólaskrautið. Það er hins vegar mjög erfitt eftir gönguna (sérstaklega fyrir stuðningsbörn), veit ekki hvort það sé hægt að breyta einhverju til að auðvelda það en þyrfti kannski að taka umræðu um þetta líka. Til dæmis með ljósin sem þau koma með, það getur verið vesen í kringum þau
Foss	Gekk vel, smá erfitt eftir að foreldrar fóru en líklegast lítið hægt að breyta því
Tjörn	Góð tímasetning, allir foreldrar mættu en mikið grátið og ólíklegustu börn grétu í góðan tíma eftir að foreldrar fóru
Hlíð	Flott tímasetning, allir mættir og það hefði mátt byrja á slaginu 09:00, syngja frekar Adam átti syni sjö aftur því þau kunna mjög vel og velja annað lag í staðinn fyrir skín í rauðar skotthúfur
Rjóður	Flott tímasetning, vantar míkrafón heyrðist illa söngurinn fyrir þá sem voru aftast, sleppa skín í rauðar skotthúfur ( kann það enginn)

#### Jólaleikrit

Hvernig gekk?

Deild	Mjög vel	Vel	Sæmilega	Ekki nógu vel
Lundur	x			
Brekka	x			
Mýri	x			
Foss	x			
Tjörn	x			
Hlíð	x			
Rjóður	x			

### Athugasemdir

Lundur	Gekk mjög vel, fín tímasetning, börnin sátu alveg kyrr og fylgdust með, hæfilega langt, hentaði vel að hafa Foss með
Brekka	Gekk mjög vel, fín tímasetning, börnin sátu alveg kyrr og fylgdust með, hæfilega langt, hentaði vel að hafa Foss með
Mýri	Gekk mjög vel og var skemmtilegt. Börnin mjög áhugasöm og fylgdust vel með. Skemmtilegt að brjóta upp daginn með svona sýningu
Foss	Sammála Lundi og Brekku
Tjörn	Gekk mjög vel og börn fylgdust með af áhuga, passlega langt
Hlíð	Mjög skemmtilegt leikrit.
Rjóður	Mjög skemmtilegt leikrit.

### Jólasamvera

Hvernig  
gekk?

Deild	Mjög vel	Vel	Sæmilega	Ekki nógu vel
Lundur				
Brekka				
Mýri	x			
Foss		x		
Tjörn	x			
Hlíð		x		
Rjóður		x		

### Athugasemdir

Lundur	
Brekka	

Mýri	Gekk mjög vel og passlegt að hafa bara tvær deildir saman sérstaklega með þennan aldur og fjölda. Tjörn og Mýri voru ca 40 4 ára börn. Fín tímasetning og passlegt að taka max 30 mín
Foss	Ekki alveg náð að mynda hring í kringum tréð en það er svosem skiljanlegt með þennan aldur. Skemmtu sér samt allir vel
Tjörn	gekk mjög vel Mýri og Tjörn voru saman og þetta var ótrúlega gaman mátulega langt og góð tímasetning að byrja kl 10 og vera í ca 25-30 mín
Hlíð	Starfsfólk mætti taka meira þátt og stjórna hringnum betur. Kannski vera búin að ákveða hvaða lög á að taka. Mjög gott að hafa hálf tíma og 10:30 flott tímasetning.
Rjóður	Sama á Hlíð

### Jólagjafir til foreldra

Hvernig  
gekk?

Deild	Mjög vel	Vel	Sæmilega	Ekki nógu vel
Lundur	x			
Brekka				
Mýri	x			
Foss	x			
Tjörn	x			
Hlíð	x			
Rjóður	x			

### Athugasemdir

Lundur	Gekk mjög vel, nýju börnin gerðu handafar í leir og eldri máluðu með glermálningu á krukku, gott að byrja á þessu snemma í nóvember, til að minnka stress í des. Það sem við ætlum að gera næst er að hafa skráninguna meira staðlaða til að auðvelda okkur lífið. *Uppskrift að leir- hveiti á mótí 3/4 salti og ca einn af vatni.
--------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Mýri	Kertastjaki úr jarðleir sem þau máluðu. Gekk mjög vel, góð samvinna á gangi sem létti undir. Vorum tímanlega í þessu sem var mjög gott þannig að það varð ekkert stress að klára
Foss	Börnin gerðu kertastjaka úr jarðleir og máluðu. Þakklát fyrir samvinnuna hjá miðgangi, létti undir að vera í þessu saman. Gott að vera tímalega í þessu þar sem t.d voru mikil veikindi á börnum seinustu vikur fyrir jól
Tjörn	Börnin gerðu kertastjaka úr jarðleir og máluðu. góð samvinna á ganginum, byrjuðum aðra vikuna í nóvember og það hentaði mjög vel
Hlíð	Börnin máluðu á taupoka, mjög auðveld og þægileg gjöf. Gerðum sameiginlegan jólapappír sem var mjög skemmtilegt og þægilegt. Mjög gott að klára þetta fyrstu 2 vikurnar í desember.
Rjóður	Sama og Hlíð

#### Þorablót

Hvernig gekk?

Deild	Mjög vel	Vel	Sæmilega	Ekki nógu vel
Lundur				
Brekka				
Mýri				
Foss	x			
Tjörn				
Hlíð				
Rjóður				

Athugasemdir: Engar

#### Foreldrakaffi

Ekki metið

#### Öskudagur

Ekki metið

**Hjóladaðar**Hvernig  
gekk?

Deild	Mjög vel	Vel	Sæmilega	Ekki nógu vel
Lundur				
Brekka				
Mýri				
Foss				
Tjörn				
Hlíð	x			
Rjóður				

Athugasemdir: Engar

**Sumarhátíð / Opið hús**Hvernig  
gekk?

Deild	Mjög vel	Vel	Sæmilega	Ekki nógu vel
Lundur				
Brekka				
Mýri				
Foss				
Tjörn				
Hlíð		x		
Rjóður				

Athugasemdir:

Mjög ánægð með hestana og andlitsmálninguna um morguninn. Fannst samt vanta sumarhátíðina eftir hádegi þetta var eiginlega bara opið hús. Vantaði eitthvað frá foreldrafélaginu eftir hádegi, ís fyrir börnin, leikrit eða eitthvað skemmtilegt. Ef það hefði verið þá hefðu stöðvarnar virkað betur en það voru bara allir inni á opna húsinu. Foreldrar ánægðir með kaffið!

## Mat á námssviðinu Sköpun og menning

Yngri gangur

Nafn leikskóla og deildar	Námskrá 1 og 2 ára Leikskólar Kópavogs					Kvittun ábyrgðaraðila og dagsetning
Lundur og Brekka	Gátlisti vegna innra mats - skólaárið 2023-2024					
Nám svið leikskóla:	Sköpun og menning	Já	Nei	Einkunn frá 1-10	Námsgögn/efniviður	Hvernig gerum við, hvaða leið ætlum við að fara
					<i>Hvaða gögn/efniviður eru til staðar til að uppfylla viðmið</i>	<i>Hvað á að gera betur, umbætur</i>
<b>Markmið að börnin:</b>	Kynnist og taki þátt í samfélagslegum hefðum og hátíðum.	x		5		
	Tjái sig um verk sín.	x		9	Börnunum finnst gaman að sýna listaverk sem hanga upp á veggjum	
	Proski með sér frumkvæði og frjálsa, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist, myndlist og öðru skapandi starfi.	x		7		hafa betra aðgengi að hljóðfærum
	Kynnist og taki þátt í samfélagslegum hefðum og hátíðum.	x				

<b>Leiðir í leikskóla</b>	<b>Börnin</b>				
<b>Aðlögun</b>	Hafa tækifæri til að prófa fjölbreyttan efnivið og upplifa nýjar áskoranir.	x		9	nýjar áskoranir á hverjum degi, læra að leika sér með nýtt dót og að leika við önnur börn
	Læra að vera hluti af samfélagi leikskólans.	x		9	með hverjum degi þá læra þau það
<b>Leikur</b>	Hafa aðgang að fjölbreyttu leikefni til skapandi vinnu.	x		9	skiptum dótinu út reglulega
	Taka þátt í sameiginlegum verkefnum.	x		9	það hefur verið mikil samvinna á milli deilda og gekk það mjög vel
	Hafa tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.	x			mjög mikið tækifæri til að leika frjáls
	Hlusta á fjölbreytta tónlist og kynnast ýmsum hljóðfærum og hljóðgjöfum.	x		8	Vorum dugleg að leyfa þeim að hlusta á allskonar tónlist. vorum með hljóðfæri og börnin mjög ánægð með það



	Upplifa kímni og gleði.	x		9	okkar markmið er að hafa gleði og humor á okkar deildum	
<b>Að koma og fara, klæða sig. Útivera - vettvangsferðir</b>	Vinna með fjölbreyttan efnivið úr náttúrunni á ýmsan hátt.	x		9	t.d laufblöð, spýtur, sandur, steinar, snjór	
	Veita athygli formum, litum og hljóðum í umhverfinu.	x		9	vettvangsferðir, þemaliti í hverjum mánuði.	
<b>Samvera</b>	Hlusta á fjölbreytta tónlist, slá og klappa takt.	x		8	klöppum reglulega nöfnin þeirra	
	Syngja lög, ljóð og hreyfisöngva.	x		9	gerum það daglega	
	Hafa tækifæri til að deila upplifun sinni með öðrum.	x		9	leyfum öllum börnum að tala einu í einu og hin læra að hlusta og að bíða.	
<b>Matartími</b>	Ræða um liti, form, lykt og áferð matarins.	x			mættum gera meira af því	höfum ekki verið að vinna með það
	Temja sér góða borðsiði, sýna tillitsemi og samhjálp.	x		8	með því að vera með matstofu þá erum við að kenna þeim, matarsóun, skömmtun ofl.	
<b>Svefn</b>	Hlusta á þögnina.	x		9		
	Hlusta á rólega tónlist eða söng.	x		9		

<b>Líkamleg umhirða</b>	Nota hlífðarföt þegar unnið er með efnivið sem getur óhreinnað föt. Þvo sér sjálf um hendurnar að verki loknu.	x		9	Þeim finnst æðislegt að fá að leika sér í vaskinum og þrifa hendur og við leyfum þeim að dúlla sér í því.	
-------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---	--	---	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------	--

### Miðgangur

Nafn leikskóla og deildar	<b>Námsskrá 3 og 4 ára barna</b>				<b>Leikskólar Kópavogs</b>		Kvittun ábyrgðaraðila og dagsetning
Baugur Mýri/Tjörn	Gátlisti vegna innra mats - skólaárið 2023-2024					Freyja/Gugga 21.júní 2024	
<b>Nám svið leikskóla:</b>	<b>Sköpun og menning</b>	<b>Já</b>	<b>Nei</b>	<b>Einkunn frá 1-10</b>	<b>Námsgögn/efniviður</b>	<b>Hvernig gerum við, hvaða leið ætlum við að fara</b>	
				<i>Hvaða gögn/efniviður eru til staðar til að uppfylla viðmið</i>		<i>Hvað á að gera, umbætur</i>	
<b>Markmið að börnin:</b>	Virki sköpunarkraft sinn og vinni með fjölbreyttan efnivið og áhöld.	x		9	Notum mikið opinn efnivið og einingakubba til dæmis. Börnin fá að vera í flæði og elta eigið áhugasvið	Halda áfram að gefa börnunum tækifæri til að vinna með opinn og skapandi efnivið	
	Upplifi að borin sé virðing fyrir verkum þeirra og þau virði verk annarra.	x		9	Börnin fá rík tækifæri til að vinna saman innan deildar og þvert á deildir, verk þeirra höfð til sýnis	Fræða börnin um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir verkum annarra	
	Tjái sig um verk sín og rifji upp ferlið.	x		9	Gerðum verkefni sem tóku langan tíma, þar sem við bættum alltaf ofan á hjá	Mættum gera meira af verkefnum sem spanna lengri tíma, til dæmis þema sem unnið er með í nokkrar vikur	

					börnunum, unnum með þemu	
	Tjái tilfinningar sínar, hugmyndir og upplifun gegnum myndsköpun, tónlist, hreyfingu og framsögn.	x		8	Börnin hafa alltaf aðgang að skapandi efnivið, málningu, litum, skærum og lími. Förum út alla daga og erum með íþróttasal	Þyrftum að vera duglegri með skipulagðar hreyfistundir til dæmis í íþróttasal
	Þekki helstu hátíðir í íslensku samfélagi og siði sem tengjast þeim.	x		7	Höldum upp á þorrann, gerum verkefni tengt jólum og páskum til dæmis	
	Kynnist íslenskri menningu og menningu fleiri þjóða og fjölbreytileika.	x		7	höldum upp á þorrann, 17 júní, fögnum fjölbreytileikanum á sérstökum dögum	Vera duglegri að kynna menningu annarra þjóða, til dæmis þjóðerni þeirra barna sem eru erlend á deildum

**Leiðir í leikskóla Börnin**

<b>Leikur</b>	Hafa frjálsan aðgang að ýmis konar búnaði og leikefni, sem hvetur til sköpunar og vísindalegra athafna.	x		9	Mjög gott aðgengi að efnivið til sköpunar, málning, litir, skæri. Gerðum tilraunir með mjólk/blek, létum eldgos gjósa með mentos/kók	Mætti vera meira um efnivið sem henta til tilrauna eða vísindalegra athafna. Vera duglegri að gera ýmsar vísindalegar tilraunir
	Hlusta á fjölbreytta tónlist.	x		9	bæði hlustum og syngjum sjálf fjölbreytta tónlist. Bæði hefðbundin leikskólalög, hlustum á rólega tónlist þegar það á við og svo ýmiskonar tónlist eftir íslenska listamenn	

	Hafa tækifæri til að leika frjáls, skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.	x		9	Höfum leyft börnunum að elta eigið áhugasvið og vera í flæði stærstan part af deginum. Þau fá góðan tíma og gott rými til listsköpunar og fá að gera það á eigin forsendum og eftir þeirra áhugasviði hverju sinni. Þau hafa aðgang að skapandi efnivið sem þau geta sótt sér sjálf og nýtt við sköpunina.	Væri gaman að flétta meiri leikræna tjáningu inn í starfið.
	Ganga frá eftir leikinn.	x		8	Höfum frætt þau um mikilvægi þess að ganga frá þegar búið er að leika. Gerum leik úr því þegar þau eru að ganga frá, til dæmis að taka 10 kubba, tókum tímann eða förum í dansleik á meðan við tókum saman (til dæmis stoppdans)	Halda áfram að fara fjölbreyttar leiðir við frágang, gera leik úr því til að virkja þau og
<b>Hópvinna / Samvinna</b>	Hafa aðgang að fjölbreyttum áhöldum og efnivið til skapandi vinnu.	x		8	Hafa aðgang að ýmiskonar efnivið, leir, málningu, penslum, sandi og fleiru	
	Ræða um sig og fjölskyldu sína og heyra aðra segja frá sér og sínum fjölskyldum.	x		7	Höfum teiknað mömmu- og pabba mynd og rætt hvað er gaman að gera með þeim. Teiknuðu fjölskyldumynd	Okkur langar að gera fleiri verkefni tengd fjölskyldum barnanna. Fara að heimili þeirra, ræða saman hverjir búa á heimilinu og fræða þau svo um mismunandi fjölskyldumynstur, til dæmis tvö heimili hjá sumum og slíkt.
	Fjalla um mismunandi menningu þjóða og ólík tungumál.	x		7	Segjum börnunum frá þeim tungumálum sem börn á	Væri gaman að til dæmis fræða börnin meira um menningu og

					deildunum tala (til dæmis rússneska og spænska)	tungumál þeirra barna sem eru tvítyngd. Einnig að hlusta á lög á tungumálinu, skoða hvar landið er á korti og jafnvel myndir af menningunni sem þrífst þar.
	Taka þátt í samstarfsverkefnum.	x		8	Gerðum samvinnuverkefni Mýri og Tjörn saman þar sem börnin bjuggu til eldfjöll og létu þau gjósa. Börnin unnu saman þvert á þessar tvær deildir	Taka þátt í fleiri samvinnuverkefnum, fara í samvinnu með grunnskólanum þar sem þau verða elst á næsta ári.
<b>Að koma og fara, klæða sig. Útivera - vettvangsferðir</b>	Skapa úr efnivið náttúrunnar.	x		8	Laufblöð, Steinar, skeljar, blóm	
	Veita athygli litum og hljóðum í umhverfinu.	x		8	útiveran og göngutúrar	Mættum alltaf vera duglegri að veita því meiri athygli sem er í kringum okkur, langar að fara í fleiri vettvangsferðir einungis til að skoða náttúruna
	Fara á leiksýningar, tónleika og söfn.	x		7	Fórum á eina sýningu í Perlunni um vatnið í náttúru Íslands.	Við ætlum að fara á fleiri sýningar og viðburði með barnahópin næsta vetur
<b>Matartími</b>	Ræða um liti, form, lykt og áferð matarins.	x		6	Við spjöllum um lykt, áferð og kannski lit matarins á meðan börnin eru í matstofu að borða	viljum vera duglegri að hvetja börnin til að velta fyrir sér til dæmis lykt og áferð og mynda sér skoðanir á því hvað þeim finnst gott og hvað þau eru síður hrifin af þegar kemur að lykt, áferð og bragð
	Kynnast matarhefðum, gömlum og nýjum, og mat frá ýmsum löndum.	x		6	Kynnumst gömlum mat og nýjum (slátur, sviðasulta, hákarl og slíkt á þorra, pizzur og fajitas	Væri gaman að kynnast meira mat frá öðrum löndum. Til dæmis hægt að hafa menningarviku þar sem væri hægt að prófa mat frá þeim löndum sem börnin eru frá.

	Nota góða borðsiði, sýna tillitsemi og samhjálp.	x		8	Erum með matstofu þar sem börnin upplifa mikið lýðræði. við kennum þeim samt borðsiði og að taka tillit til annarra til dæmis með að labba rólega í matstofunni, bíða í röð eftir að kemur að þeim og virða það ef sæti er upptekið svo dæmi séu tekin. Einnig er þeim kennt að til dæmis við sleikjum ekki hnifinn og erum ekki með fætur uppi á borði og slíkt	Halda áfram á sömu braut
<b>Svefn og hvíld</b>	Loka augum og ímynda sér.	x		8	Förum reglulega í jóga þar sem við lokum augum og tökum núvitundaræfingar þar sem við lokum augunum, hlustum á núvitundarsögu og reynum að tæma hugann	Halda áfram að gera núvitundaræfingar og vera duglegri að grípa tækifærið í amstri dagsins þegar börnin þurfa kannski að nállstilla sig
	Hlusta eftir hljóðum í umhverfinu.	x		7	Við hlustum aðallega á fuglasöng og til dæmis ef við heyrum í þyrlu eða slíkt	Vera duglegri að hlusta eftir hljóðum sem hluta af núvitund. Fara til dæmis út fyrir lóðina og setjast niður bara til að hlusta á hvað við heyrum í náttúrunni.
	Hlusta á þögnina og róandi tónlist.	x		6	hlustum mikið á rólega tónlist	Vera duglegri að hlusta á þögnina

## Skógur

Nafn leikskóla og deildar	Námsskrá 5 ára barna Leikskólar Kópavogs				Kvittun ábyrgðaraðila og dagsetning	
Skógur	Gátlisti vegna innra mats skólaárið 2023-2024				Elín Ósk & Diljá	
Námsvið leikskóla:	Sköpun og menning	Já	Nei	Einkunn frá 1-10	Námsgögn/efniviður	Hvernig gerum við, hvaða leið ætlum við að fara
					<i>Hvaða gögn/efniviður eru til staðar til að uppfylla viðmið</i>	<i>Hvað á að gera betur, umbætur</i>
<b>Markmið að börnin:</b>	Vinni með fjölbreyttan, skapandi efnivið og noti ýmis áhöld.	x		5	pappír, einingakubbar,	meiri frjálsan efnivið í þeirra hæð
	Tjái hugmyndir sínar og skapi út frá eigin upplifunum, t.d. í myndlist, tónlist, leiklist og upplýsingatækni.		x	0		leyfa þeim að búa til leikrit og flytja það fyrir hin börnin þegar það er samsöngur
	Vandi verk sín, fullvinni þau og gangi frá eftir sig.	x		7		
	Proski með sér næmni fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjandi.	x		7		
	Vinni í hóp að sameiginlegu markmiði.	x		8		
	Þekki helstu hátíðir í íslensku samfélagi og siði sem tengjast þeim.	x		5	skoða á netinu myndir af fánnum og sýna þeim, tala um helstu hátíðir Íslands	vantaði að gera meira með páskana
	Hafi frjálsan aðgang að margvíslegum búnaði og aðstæðum þar sem þau læra og líður vel.	x		7		
<b>Leiðir í leikskóla</b>	<b>Börnin</b>					

<b>Leikur</b>	Hafa aðgang að fjölbreyttum efnivið og áhöldum til skapandi vinnu.	x		8		
	Hafa tækifæri til að vinna frjálst með hljóðfæri og hljóðgjafa og hlusta á fjölbreytta tónlist.		x	0		hafa betra aðgengi að hljóðfærum
	Hafa aðgang að skapandi umhverfi, úti og inni, þar sem þau beita fin- og grófhreyfingum	x		9		
	Ganga frá og taka til.	x		7		
	Nota kímni.	x		8		
<b>Hópavinna</b>	Vinna að sameiginlegri listsköpun, s.s. myndlist, tónlist, leiklist o.s.frv.	x		6	leyfa þeim að mála á sameiginlegan pappír, búningar	
	Skrá, flytja og tjá sig um verkin.		x	0		
	Taka þátt í dans-, hreyfi- og söngvaleikjum.	x		8		
	Vinna verkefni tengd mismunandi menningu og fjölbreytileika mannlífsins.		x	0		
<b>Að koma og fara, klæða sig. Útivera - vettvangsferðir</b>	Fara á sýningar, tónleika og söfn.	x		7		
	Hlusta á og kanna umhverfishljóð.		x	0		
	Vinna með íslenska fánann og aðra þjóðfána.		x	0		
	Fara í vettvangsferðir sem bjóða upp á mismunandi upplifun.	x		8		
	Fara í heimsókn í grunnskóla.	x		6		mætti vera meira samstarf
<b>Samveru- stund</b>	Skoða saman bækur með listaverkum.		x	0	hafa fleiri þannig bækur aðgengilegri fyrir börnin	hafa slíkar bækur sýnilegri fyrir börnin og skoða þær með þeim
	Ræða myndskreytingar í bókum.		x	0	sama og fyrir ofan	sama og fyrir ofan



	Hlusta á fjölbreytta tónlist og vinna með takt og hljómfall.	x		7	tónlist í turninum, í útiveru og inn á deild, þau elska að fara í stoppdans	
	Fjalla um mismunandi menningu.		x	0		mættum bæta okkur þar, hafa einnig daga sem eru tileinkaðir annarri menningu og þá munu börnin fræðast um þá menningu
	Ræða um sig sjálf, heimili, símanúmer, afmælisdaga, nöfn foreldra og systkina, afa og ömmu og mismunandi fjölskyldugerðir.	x		8	fara í göngutúra heim til þeirra og vinna verkefni út frá því, láta þau teikna húsin sín	
<b>Matartími</b>	Sjá að matur er fallega fram borinn.		x	0		mætti bera hann fram á girnilegri hátt
	Kynnast gömlum og nýjum matarhefðum og mat frá ýmsum löndum.		x	0		vera duglegri að tala um matarmenningu frá öðrum löndum, hafa sérstaka daga sem eru tileinkaðir mat frá öðru landi
	Nota góða borðsiði, sýna tillitsemi, hjálpsemi og samhjálp.	x		7		
	Hjálpa til við að leggja á og bera af borðinu.		x	0		
<b>Hvöld</b>	Loka augum og ímynda sér.		x	0	jóga kassinn sem er inn í turni	vera duglegri að fara í jóga
	Hlusta á slökunartónlist, þögn.		x	0	nota turninn meira í það	
<b>Líkamleg umhirða</b>	Nota hlífðarföt við myndsköpun.	x		8		